

Mánudaginn 1. apríl 1946.

Kærumálið nr. 5/1946. Ólína J. Erlendsdóttir
gegn

Oddnýju E. Sen

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um dómkvaðning matsmanna.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 4. f. m., sem hingað barst 19. f. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 143. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, upp kveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 4. f. m. um synjun á dómkvaðningu matsmanna. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt og lagt verði fyrir héraðsdómara að dómkveðja matsmenn einnig til að meta, hvort spjöll, sem orðið hafa af vatnsrennsli á fyrstu hæð hússins nr. 6 við Amtmannsstíg hér í bæ, geti stafað af vatnsrennsli í eitt skipti eða tvö eða hvort spjöllin hljóti að stafa af margítrek-uðu vatnsrennsli. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðili verði dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Í máli sóknaraðilja á hendur varnaraðilja, sem dæmt var á bæjarþingi Reykjavíkur 27. september 1945 og áfrýjað hefur verið til hæstaréttar, krefst sóknaraðili þess m. a., að svo verði kveðið á, að varnaraðili hafi fyrirgert leigurétti sínum í húsi sóknaraðilja nr. 6 við Amtmannsstíg hér í bæ. Hinn 24. marz 1945 fékk sóknaraðili dómkvadda í málinu þrjá yfirmatsmenn „til þess að skoða skemmdir á íbúð sinni og gefa svar við því, af hverju þessar skemmdir stafa“. Sóknaraðili taldi matsgerð hinna dómkvöddu manna frá 7. apríl s. l. ekki fullnægjandi og lagði því fyrir þá í bréfi 27. nóvember s. l. ýmsar spurningar, er þeir svöruðu í bréfi 30. desember f. á. og fyrir dómi, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði. Telur sóknaraðili sér nú nauðsynlegt að fá dómkvadda aðra matsmenn til þess að framkvæma mat það, sem

greint var í kröfugerð hans, þar sem yfirmatsmennirnir hafi ekki gefið ákveðin svör við því, hvort spjöll á íbúð sóknaraðilja í húsinu nr. 6 við Amtmannsstíg hafi stafað af endurteknu vatnsrennsli í íbúð varnaraðilja í sama húsi. Svo sem dómkvaðning yfirmatsmannanna 24. marz 1945 ber með sér, var þeim ekki sérstaklega falið að rannsaka, hvort spjöllin í íbúð sóknaraðilja stöfuðu af ítrekuðu rennsli vatns frá efri hæð hússins, og ekki verður séð, að yfirmatsmennirnir hafi farið á vettvang og athugað þetta atriði sérstaklega, áður en þeir svöruðu spurningum, er að því lúta. Þegar þessa er gætt svo og á það litið, að þeir treystast ekki til að gefa glögg svör um greint atriði, sem virðist geta haft þýðingu fyrir úrslit málsins, þykir yfirmatsgerðin frá 7. apríl s. l. og skýringar matsmanna á henni ekki vera því til fyrirstöðu, að nú séu dómkvaddir matsmenn til að framkvæma mat það, sem krafizt er. Ber því að fella úrskurð héraðsdómara, að því leyti sem hann er kærður, úr gildi og leggja fyrir dómarann að framkvæma dómkvaðningu þá, sem áður greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaðaraðili greiði sóknaraðilja kr. 100.00 í kærumálaskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, að því leyti sem hann er kærður, og ber héraðsdómara að framkvæma dómkvaðningu þá, sem krafizt er.

Varnaraðili, Oddný E. Sen, greiði sóknaraðilja, Ólinu J. Erlendsdóttur, kr. 100.00 í kærumálaskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. marz 1946.

Með bréfi, dags. 2. þ. m. fór matsbeiðandi þess á leit, að dómkvaddir yrðu tveir menn til að meta, hvað kosta muni fullkomin viðgerð á skemmdum þeim, sem orðið hefðu af vatnsrennsli á fyrstu hæð hússins nr. 6 við Amtmannsstíg hér í bæ, og að láta í ljósi rökstutt álit sitt um, hvort skemmdir þessar geti stafað af vatnsrennsli í eitt eða tvö skipti eða hvort skemmdirnar hljóti að stafa af margítrekuðu vatnsrennsli.

Af hálfu Oddnýjar E. Sen hefur engum andmælum verið hreyft gegn fyrra lið matsbeiðnarinnar. Hins vegar hefur því verið mótmælt af hennar hendi, að matsmenn verði nú dómkvaddir til að láta uppi álit sitt um, hvort umræddar skemmdir hafi orðið af völdum vatnsrennslis í eitt eða fleiri sinn, þar sem yfirmatsmenn hafi þegar fyrir dómi látið uppi álit sitt um þetta efni. — Var atriðið síðan tekið til úrskurðar í dag.

Málsatvik eru þau, að þann 24. marz 1945 fékk matsbeiðandi dómkvadda þrjá yfirmatsmenn til að skoða skemmdir á íbúð hennar að Amtmannsstíg 6 hér í bæ og gefa svar við því, af hverju þessar skemmdir stöfuðu. Yfirmatsmennirnir framkvæmdu síðan matið, og er yfirmatsgerðin dagsett 7. apríl s. l. Staðfestu þeir hana fyrir dómi 17. maí s. l. Þann 26 f. m. var tekið fyrir í bæjarþingi Reykjavíkur vitnamál milli aðilja máls þessa í sambandi við mál það, er aðiljar reka nú fyrir hestarétti. Umboðsmaður Ólínu Erlendsdóttur lagði þar fram bréf til yfirmatsmannanna, dags. 27. nóv. s. l., og svarbréf þeirra, dags. 30. des. s. l. Í nefndu bréfi er svo hljóðandi spurning til yfirmatsmannanna: „Geta skemmdir í baðherbergi neðri hæðar stafað af slysi íbúa efri hæðar í eitt eða tvö skipti?“ Yfirmatsmennirnir svöruðu spurningunni þannig: „Þar eð timburgólf er í baðherbergi frú Sen, þarf ekki nema í eitt skipti að vilja til slysi með vatn til að valda skemmdum á lofti neðri hæðar.“ Yfirmatsmennirnir komu fyrir dóm í sama þinghaldi og staðfestu þá álit sitt í nefndu bréfi. Umboðsmaður matsbeiðanda lét þá leggja svo hljóðandi spurningu fyrir yfirmatsmennina: „Teljið þér, að þær skemmdir, sem hér hafa orðið, stafi af slysi íbúa „efri hæðar í eitt eða tvö skipti?“ Einn yfirmatsmaðurinn kvaðst ekki geta um þetta sagt, þar sem ekki sæist á veggjum eða lofti, hvort vatn hefði runnið einu sinni eða tvisvar, en væri um margítrek-uð vatnsrennslis að ræða, mundu skemmdirnar hafa orðið margfalt meiri. Annar yfirmatsmaðurinn kveðst ekki geta um þetta sagt, og sá þriðji kveðst heldur ekki geta um þetta sagt, en taldi greinilegt, að mikið vatn hafi runnið þarna.

Af framangreindu verður að telja ljóst, að matsbeiðandi hefur þegar fengið álit yfirmatsmanna um það atriði, sem hann nú vill fá álit nýrra matsmanna um. Það verður því að telja, að gegn mótmælum gagnaðilja sins eigi hann nú ekki rétt á að fá dómkvadda menn til að láta uppi álit sitt um atriði þetta.

Málalok verða því þau, að dómkvaddir verða tveir menn til að meta, hvað kosta muni fullkomin viðgerð á nefndum skemmdum að Amtmannsstíg 6, en hins vegar verður eigi lagt fyrir matsmennina að láta uppi álit sitt um, hvort skemmdirnar stafi af vatnsrennslis í eitt eða fleiri sinn.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind dómkvaðning skal fara fram aðeins að því er varðar mat viðgerðarkostnaðar á framangreindum skemmdum.

Mánudaginn 1. apríl 1946.

Nr. 124/1945. **Réttvísín** (Hrl. Eggert Claessen)

gegn

Sveini Bergmanni Bjarnasyni

og

Birni Kolbeinssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Árás á lögreglumenn.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða Sveins Bergmanns Bjarnasonar þykir hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi og refsing ákærða Björns Kolbeinssonar 30 daga varðhald, er skal vera skilorðsbundið, enda verði reynslutíminn 5 ár.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 1000 krónur til hvors.

Ýmsir gallar eru á rannsókn málsins. Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, hélt frumpróf málsins. Var það ekki viðurkvæmilegt, þar sem hann var viðstaddur atburði þá, sem málið er risið af, og bar síðan vitni í málinu. Hann hrapaði að eiðfestingu vitna, áður en skýrsla var tekin af ákærðu. Sýslumanninum í Strandasýslu var sent málið til rannsóknar 8. marz 1944 vegna dvalar ákærðu og ýmissa vitna í lögsagnarumdæmi hans. Hann aðhafðist ekkert í því og sendi það frá sér til sakadómarans í Reykjavík 11. október s. á. Ögmundur Ólafsson, sem bar vitni í málinu á Ísafirði 4. marz 1944 og vann eið að, gaf 13. apríl